

C.2 Löggæsla



ATVINNUVEGA OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnstöð ferðamála

C.2- Löggæsla

Inngangur


- Á undanförunum árum hefur orðið mikil aukning í fjölda atvika og umferðarslysa sem lögregla þarf að sinna þar sem erlendir ferðamenn koma við sögu. Atvikin eru fjölbreytt auk þess sem ferðamennirnir eru oft ekki kunnugir staðhættum og samskipti í einhverjum tilvikum erfiðari en við þá sem hér búa t.d. vegna tungumálaörðugleika.
- Fjöldi ferðamanna er misjafn á milli landshluta og hefur því mismikil áhrif á störf lögreglu í landshlutunum.
- Vísarnir sem fram eru settir eru byggja á gögnum frá Ríkislögreglustjóra um fjölda lögreglumanna og fjöldi atvika og umferðarslysa sem lögregla sinnir. Til viðbótar eru reiknuð hlutföll þar sem annars vegar heildarfjöldi héraendis í sumarmánuði er borinn saman við fjölda lögreglumanna og gistinátta til að meta hvernig tíðni atvika og umferðarslysa hefur þróast í samræmi við veru erlendra ferðamanna héraendis.
- Mælikvarðar til að meta þjónustu- og öryggisstig lögreglu eru ekki fyrirbyggjandi fyrir tímabilið sem hér um ræðir, en munu vera það á næstu árum, sbr. markmið í drögum að löggæsluáætlun. Það mat sem sett er hér fram varðandi þolmörk þjónustu lögreglu þarf því að uppfæra m.v. þjónustu- og öryggisstig í löggæsluáætlun þegar þau liggja fyrir. Gera þarf ítarlegri rannsóknir á samspili erlendra ferðamanna og lögreglu til að meta þolmörkin nánar.
- Líkt og fyrir aðra opinbera þjónustu eru löggæsla bundin af fjárlögum hvers árs og gera má ráð fyrir því að aukin útgjöld til málaflokksins haldi stöðu löggæslumála undir þolmörkum. Hins vegar er það mat lögreglunnar að fjölgun ferðamanna hafi haft veruleg áhrif á starfsemi lögreglunnar, og því var niðurstaðan sú að málaflokkurinn væri innan þeirra marka sem kallast „Farið að nálgast þolmörk“.



C.2- Löggæsla

Inngangur

- Fjöldi slasaðra erlendra einstaklinga í umferðarslysum fjölgaði á árunum 2006-2017 úr 133 í 375 og er því um nærri þreföldun að ræða. Á sama tímabili fjölgaði ferðamönnum úr 422.280 í 2.224.603.
- Söguleg þróun fjölda umferðarslysa sem lögregla hefur aðkomu að í samanburði við fjölda gistinátta gefur til kynna að umferðarslysum sé ekki að fjölga á hverjar 100 þús. gistinætur hérlendis, eins og sjá má á efri myndinni hér til hliðar (vinstri ás).
 - Tíðni umferðarslysa er einnig til umfjöllunar í kaflanum um vegi en þar er notast við gögn Vegagerðarinnar um fjölda umferðarslysa og óhappa á hverja milljón ekinna kílómetra.
- Á neðri myndinni hér til hliðar er fjöldi mála úr málaskrárkerfi lögreglu sýndur, þar sem svokallaður aukaaðili í verkefni eða við aðstoð lögreglu er ferðamaður. Þar er um að ræða mál þar sem aðili er skráður í verkefni lögreglu, og er þá ekki grunur um brot. Þau mál þar sem aukaaðilar hafa verið skráðir sem „vitni“ eða „vegfarendur“ hafa ekki verið tekin með í þessa greiningu.
- Á neðri myndinni er einnig sýndur fjöldi mála þar sem grunaður eða kærður er með erlenda kennitölu og erlent ríkisfang. Hér voru öll mál tekin til greina þar sem um er að ræða eftirfarandi brot:
 - Hegningarlagabrot
 - Sérrefsilagabrot
 - Umferðarlagabrot án hraðaksturbrota þar sem ætlunin er í þessu verkefni að skoða dagleg verkefni sem koma á borð lögreglumanna og því æskilegt að skoða fjölda brota án hraðakstursbrota.
- Fjöldi mála á neðri myndinni sýnir skýrt hvernig málafjöldi lögreglu þar sem erlendir ferðamenn koma við sögu hefur aukist hratt á undanförunum árum eða frá því að vera um 600 árið 2010 í um 2.800 árið 2017.




C.2- Löggaesla

Vísir	C.2.1 Fjöldi lögreglumanna á hverja 1.000 íbúa og ferðamenn að sumri	C.2.2. Fjöldi atvika sem lögregla sinnir þar sem um erlenda ferðamenn ræðir.	C.2.3 Fjöldi erlendra aðila sem lenda í umferðarslysum.
Lýsing vísis	Vísirinn sýnir hvernig heildarfjöldi þeirra, sem eru héraðs í þeim sumarmánuði sem ferðamenn eru flestir, er samanborið við fjölda lögreglumanna.	Vísirinn sýnir heildstætt allan þann fjölda atvika sem lögregla sinnir og gefur til kynna það álag sem erlendri ferðamenn skapa á störf lögreglu.	Vísirinn sýnir sérstaklega þann fjölda umferðarslysa sem lögregla sinnir en þau tengjast fjölda ferðamanna og ferðatilhögun þeirra innanlands.
Uppruni gagna	Ríkislögreglustjóri, Ferðamálastofa, Hagstofan	Ríkislögreglustjóri, Hagstofan	Samgöngustofa, Ríkislögreglustjóri, Hagstofan
Eining vísis	Hlutfall fjölda lögreglumanna á íbúa og erlendra ferðamanna héraðs í sumarmánuði	Fjöldi	Fjöldi
Undir þolmörkum	Undir 1,25	Undir 5.000	Undir 300
Farið að nálgast þolmörk	Milli 1,25 og 2,0	Milli 5.000 og 12.000	Milli 300 og 800
Yfir þolmörkum	Yfir 2,0	Yfir 12.000	Yfir 800
Þolmörk og rök fyrir þeim	Sérfræðiálit	Sérfræðiálit	Sérfræðiálit
Viðbótarupplýsingar (sjá viðauka)			

C.2- Löggæsla

Núverandi ástand



■ Undir þölmörkum
 ■ Farið að nálgast þölmörk
 ■ Yfir þölmörkum
 ■ Núverandi ástand

Túlkun

- Árið 2017 var hlutfall fjölda lögreglumanna á hverja 1.000 íbúa og ferðamenn í þeim mánuði þar sem fjöldi ferðamanna er mestur (ágúst mánuði) um 1,5. Árið 2010 var hlutfallið um 1,9. Hlutfallið gefur því til kynna að heildarfjöldi fólks héraðs hafi aukist hraðar en fjöldi lögreglumanna.
- Fjöldi lögreglumanna árið 2007 var 8% meiri en 2017 og nánast hinn sami árið 2010 og 2017.
- Fjöldi þeirra atvika sem lögregla sinni á árinu 2017 sem tengdist erlendum ferðamönnum var um 5.700 og hefur aukist um nærri 4.000 atvika á 5 árum.
- Núverandi staða allra vísa er að þeir eru farnir að nálgast þölmörk. Ljóst er að aukinn fjöldi erlendra ferðamanna hefur aukið álag á löggæslu líkt og fram kom á fyrri glæru.
- Nánari rannsóknir þarf til að meta þölmörkin betur og hver staða einstakra vísa er.

C.2- Löggæsla

Sviðsmynd 2% og 5% vöxtur (2030)




Túlkun

- Miðað við 2% fjölgun ferðamanna má gera ráð fyrir að þeir verði um 95 þús. í þeim mánuði sem þeir verða flestir hérlandis árið 2030 og um 130 þús. ef miðað er við 5% fjölgun ferðamanna ár ári. Sem hlutfall af núverandi fjölda lögreglumanna og væntum fjölda þeirra sem búa hérlandis, miðað við mannfjöldaspá Hagstofu, verður þá hlutfallið fyrir vísí C.2.1 um 1,4 fyrir 2% fjölgun og um 1,3 fyrir 5% fjölgun.
- Ef miðað er við núverandi hlutfall fyrir vísí C.2.2 má áætla fjölda þeirra mála sem gætu þurft aðkomu lögreglu árið 2030 ef miðað er við 2% fjölgun ferðamanna. Niðurstaðan er um 7.700 atvik og er það um 2.000 fleiri atvik en lögregla sinnti árið 2030. Ef fjölgun ferðamanna verður 5% á ári má búast við að fjöldinn verði nærri 11 þús.
- Á sama hátt má fyrir vísí C.2.3 áætla fjölda þeirra umferðarslysa sem lögregla þarf að sinna ári 2030 (sjá fyrri glæru). Í þessari einföldu nálgun er ekki tekið tillit til fjölmargra þátta líkt og úrbóta í vegamálum eða öðruvísi hegðun erlendra ferðamanna í umferðinni hérlandis. Niðurstaða sviðsmyndarinnar er að umferðarslysin gætu verið rúmlega 500, eða um 35% aukning ef miðað er við 2% fjölgun ferðamann og rúmlega 700 ef miðað er við 5% fjölgun ferðamanna.
- Við áframhaldandi aukningu í fjölda ferðamanna og óbreytta umgjörð lögreglumála er gert ráð fyrir að staðan verði komin nær þolmörkum.
- Vísar C.2.2. og C.2.3 eru mikilvægustu vísarnir þar sem þeir mæla beina aðkomu lögreglu að erlendum ferðamönnum og hafa því meiri áhrif á þolmörk lögreglu.

■ Undir þolmörkum
 ■ Farið að nálgast þolmörk
 ■ Yfir þolmörkum
 ● 2% 2030
 ▲ 5% 2030

C.2- Löggæsla

Samanburður á núverandi ástandi og sviðsmyndum



Núverandi

2% vöxtur

5% vöxtur

Túlkun, tímarammi og kostnaður

- Heildarniðurstaða er að núverandi ástandi er farið að nálgast þolmörk og að mati embættis ríkislögreglustjóra er þjónustustig lögreglu ófullnægjandi. Eins og áður segir þarf að rannsaka frekar samspil milli fjölda erlendra ferðamanna og löggæslumála til að kanna þolmörkin nánar.
- Ef litið er til sviðsmyndanna tveggja eru niðurstöðurnar þær að miðað við núverandi fjölda lögreglumanna verði staðan orðin slík árið 2030 að hún verði enn frekar farin að nálgast þolmörk.
- Fjöldi þeirra atvika og umferðarslysa sem tengjast erlendum ferðamönnum eru mikilvægustu vísarnir og sýna beina aðkomu lögreglu að ferðamönnum og fara báðir þeir vísar að nálgast þolmörk í sviðsmyndunum.
- Ýmsar aðgerðir eru mögulegar til þess að sporna við því að niðurstaða sviðsmyndanna verði þannig að hún sé komin yfir þolmörk. Meðal annars mætti fjölga lögreglumönnum og einnig leita leiða til þess að fækka umferðarslysum.